



Rannsókn á stöðu námsbóka

Námsgagnastofnunar

gagnvart sex grunnþáttum menntunar;

**læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði
og velferð og sköpun**

Erla Karlsdóttir

Ágúst 2012

Grunnbættir menntunar

Inngangur

Menntastefnan sem birtist í nýrri aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis er byggð á „[...] sex grunnpáttum menntunar sem eru leiðarstef fyrir námskrárgerðina.“¹ Enn sem komið er hefur einungis almennur hluti námskrárinnar verið gefinn út og bíða námssviða- og námsgreinahlutar enn birtingar. Við útkomu nýrrar aðalnámskrár er því við hæfi að skoða það námsefni sem til er með hliðsjón af þessum sex grunnpáttum menntunar. Út frá þeirri nýbreytni að leggja sex grunngildi sem undistöðu menntastefnunnar ákvað Námsgagnastofnun að láta skoða það námsefni sem hún hefur látið gefa út í ljósi innleiðingu þessara gilda en hlutverk hennar er að „leggja grunnskólum til námsgögn í samráði við meginmarkmið náms og kennslu og á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá.“² Útgáfa og námsgagnagerð Námsgagnastofnunar sér grunnskólum landsins að mestu fyrir námsgögnum í öllum námsgreinum. Markmið rannsóknarinnar er því að komast að því hvernig kennarar geta nýtt þau gögn sem fyrir eru við að flétta menntun í grunnpáttunum inn í almenna menntun grunnskólanemenda.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur einnig falið sérfræðingum það verkefni að semja sérrit um hvern grunnpátt. Enn hefur ekkert þessara rita verið gefið út en það sem komið er gefur ágæta vísbendingu um það hvernig ritin munu gagnast kennurum og skólastjórum við útfærslu á því að innleiða markvisst menntun í grunnpáttum samhliða öllu námi og starfi í grunnskólanum.

Vegurinn frá menntastefnu til raunverulegrar kennslu er oft langur og hugsjónirnar sem lagt er upp með eiga það til að mást út þegar í kennslustofuna er komið og hin raunverulega barátta kennarans við að fræða nemendur hefst. Því er tilgangurinn með þessari skýrslu sá að koma með tillögu að aðferðarfræði fyrir kennara til að finna grunnbættina í þeim námsbókum sem nú þegar eru notaðar í kennslu. Eins og hægt er að gera ráð fyrir kom í ljós að námsbækur þær sem gefnar hafa verið út eru mis vel til þess fallnar að miðla grunngildunum. Margar bækur eru vel gerðar í þessu tilliti en aðrar bækur henta ver í þetta verkefni, að sumu leyti bjóða ákveðin umfjöllunarefni aðeins upp á takmarkaða möguleika en greinilega hægt að gera betur og því gætu þær ábendingar sem hér koma fram verið hjálplegar fyrir námsefnishöfunda framtíðar.

¹ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 14.

² Lög um Námsgagnastofnun Nr. 71 28. Mars 2007.

Þessari skýrslu er skipt í tvo hluta og í þeim fyrri verður kannað hvernig mennta- og menningarmálaráðuneytið sér fyrir sér hvernig hægt er að bera sig að við undirbúning á því að grunnstoðirnar fái farveg inn í grunnskólakennsluna út frá almennum hluta aðalnámskrár. Því næst verða grunnþættir menntunar tilgreindir og skýrðir, einnig út frá almenna hlutanum. Síðari hluti skýrslunnar er þannig upp byggður að hver námsgrein verður tekin fyrir, fyrst stærðfræði, þá íslenska og síðast samfélagsgreinar. Innan hvernar greinar verða þær bækur sem skoðaðar voru tilgreindar, nefnd eru dæmi um kafla í hverri bók sem hægt er að finna miðlun ákveðins grunnþáttar og þar næst er tekið eitt dæmi úr hverjum þætti og skýrt nánar. Með þessari aðferð fær lesandinn vonandi tilfinningu fyrir því hvernig hægt er að miðla grunnþáttunum sex gegnum kennslu þessara námsgreina. Greiningin á bókunum er alls ekki tæmandi og er mikilvægt að taka fram að þær niðurstöður sem hér koma fram eru niðurstöður eins rannsakanda og eflaust munu aðrir sjá aðra og fleiri möguleika en hér verður fjallað um og einhver dæmanna geta án efa komið öðrum spáskt fyrir sjónir. Hér er því einungis sett fram tillaga að aðferð við að skoða námsefni með það í huga að draga fram hvern grunnþátt í þeim tilgangi að miðla honum áfram til nemendanna.

I. Aðalnámskrá

1. Almennur hluti

Haustið 2011 hófst útgáfa á nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla með útkomu almenns hluta námskrárinnar fyrir grunnskóla. Enn á eftir að ganga frá útgáfu námskrár fyrir hverja námsgrein auk þess sem fylgirit verða gefin út til nánari útskýringa á grunnþáttum menntunar sem er nýjung í þessari aðalnámskrá. Í formála mennta- og menningarmálaráðherra að almenna hlutanum kemur fram að sá hluti fjallar um „[...] ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótask hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Innan rammans hafa verið þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar.“³ Til að festa þessa grunnþætti í sessi munu því einnig vera gefin út sér rit sem fjalla um hvern þessara grunnþátta sem hugsuð eru sem leiðarljós í menntastefnu á Íslandi í dag.

Almenn menntun er skilgreind í almennum hluta aðalnámskrár þar sem fram kemur að menntun einstaklingsins skuli annars vegar miða að því að gera einstaklinginn hæfari til að lifa í samfélagi og hins vegar hjálpa einstaklingnum til að gera sér grein fyrir, þroska og styrkja sína eigin hæfileika. Markmið þess að telja sérstaklega til og skilgreina grunnþætti menntunar segir í aðalnámskrá, er „[...] tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefnir að.“⁴ Þessir grunnþættir eru samkvæmt aðalnámskrá; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Við lestur aðalnámskrár sér lesandinn fyrir sér að nái markmið mennta- og menningarmálaráðuneytisins fram að ganga munu skólar á Íslandi framleiða hópa af gríðarlega vel menntuðum, vel upplýstum og góðum og gegnum þjóðfélagsþegnum. Líklega er það hlutverk þeirra sem semja aðalnámskrá að sjá fyrir sér hinn besta mögulega heim og hina bestu mögulegu menntun. Aðrir eiga eftir að hrista hausinn og sjá vart fyrir sér hvernig öll þessi háleitu markmið geti náð fram að ganga. Hvernig á kennari að hafa bæði tíma til þess að koma frá sér upplýsingum um allt það sem nemandinn þarf nauðsynlega að hafa lært af námsefninu og kenna honum að vera nýtur og góður þjóðfélagsþegn? Við því hefur skýrsluhöfundur ekkert eitt svar en hér á eftir koma tillögur að því hvernig hægt er að gera hvoru tveggja með þeim tækjum sem kennarar hafa í formi námsbókanna.

³ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 5.

⁴ Sama rit, bls. 13.

1. Grunnþættir menntunar

Mælt er með því að áður en hafist er handa við að lesa og greina námsbækurnar að hver grunnþáttur sé tekinn fyrir og um hann lesið til að auðvelda nýja og opnari nálgun að námsefninu með það fyrir augum að finna efni og leiðir til að nýta námsbækurnar við miðlun grunnþáttanna. Mælt með því að kennarar ræði sín á milli um það hvernig hægt er að nálgast hverja námsgrein og að þeir hafi einnig samráð sín á milli varðandi þá möguleika sem námsbækurnar hafa upp á að bjóða því betur sjá augu en auga. Hér verður því farið nokkrum orðum um hvern grunnþátt og reynt að telja upp aðalatriðin sem skipta máli varðandi nálgun að námsefninu með gleraugum grunnþáttanna. Textinn er byggður á almennum hluta aðalnámskrár en ástæða er til að benda á þau sérrit sem nú er verið að semja um hvern þátt. Þessi rit munu eflaust verða bestu hjálpartækin fyrir kennara þegar kemur að því að flétta grunnþættina inn í kennsluna.

1.1 Læsi

Læsi er í þessu samhengi skilgreint á víðari hátt en einungis sú færni að geta lesið og ritað texta þó það sé enn sá grunnur sem þarf að hyggja að í allri fræðslu. Læsi er hér víkkað út og nær því yfir það að vera læs á; texta, tölur, myndir, tölvur og margt fleira. Með læsi er hér því átt við að hlúa þurfi að því að nemendur verði læsir á það samfélag sem þeir búa í sem getur verið allt frá því að undirbúa þá undir félagslegt umhverfi en um leið að hjálpa þeim að verða læs á þá ofgnótt upplýsinga sem mæta þeim á lífsleiðinni. Því er hægt að segja að það að kenna ákveðna námsgrein sé í fyrsta lagi að gera nemendur læsa á það sem felst í þeirri námsgrein og því sem henni tengist hvort sem það er móðurmálskennsla, stærðfræðikennsla, samfélagsfræði eða verklegar greinar. Læsi er því að nokkru leyti sá þáttur sem ramar inn alla aðra grunnþætti ásamt öllum námsgreinum því á sama hátt og hver námsgrein hjálpar nemandanum að verða læs á námsgreinina sjálfa þá felst miðlun og kennsla á hverjum grunnþætti í sér að nemandinn verður læs á það sem í þeim grunnþætti felst og þar með á þann hluta samfélagsins og lífsins sem sá þáttur fjallar um.

1.2 Sjálfbærni

Sjálfbærni er sértækara hugtak en læsi en um leið er það víðara en ætla mætti í fyrstu og er hér átt við sjálfbærni tengist umhverfinu auk félagslegra - og efnahagslegra þátta. Þekktasta skilgreiningin á sjálfbærni er sú að í henni felist sú krafa að við komum fram við náttúruna og umhverfið á þann hátt að við skilum því frá okkur á sama, eða í það minnsta ekki verra

ástandi en þegar við tókum við því. Sjálfbærnimenntun kennir því nemendum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Í félagslegu tilliti snýst sjálfbærnimenntun um að jafna bilið milli fólks og miðar að því að allir eigi jafnan rétt til afkomu og góðra lífsskilyrða. Efnahagslegi þátturinn tengir svo hina tvo þar sem efnahagslegur ávinningur má ekki koma niður á náttúrunni eða afkomu fólks. Hluti af menntun til sjálfbærni er því að koma til leiðar virðingu fyrir náttúrunni, umhverfinu og samfélaginu sem felst m.a. í því að benda á tengsl neyslu og umhverfis um leið og bent er á að allir geta haft áhrif því jafnvel smáir hlutir skipta máli í þessu tilliti.

1.3 Lýðræði og mannréttindi

Sérriðið sem verið er að semja um lýðræði og mannréttindi var komið lengst á veg þegar þessi rannsókn var gerð og er það rit vel gert í alla staði. Eitt af því sem höfundar ritsins hafa gert er að tengja saman grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi við grunnþættina læsi, sjálfbærni og jafnrétti. Hér á eftir verður ekki mikið gert af því að tengja þessa þætti saman en þó kemur fyrir að kaflar námsbókanna sem eru tilgreindir eru kjörnir til miðlunar á fleiri en einum grunnþætti og því er hægt að tengja þá saman í kennslunni. Lýðræði og mannréttindi í víðum skilningi fjallar hér ekki einungis um lýðræðissamfélag, lýðræðislega stjórnskipan eða mannréttindamál heldur einnig um lýðræðisleg vinnubrögð og virðingu fyrir mannréttindum í samskiptum á milli fólks, hvort sem er inni á heimilum, í skólanum eða í samfélaginu. Því er hægt að kenna þennan þátt á margan hátt jafnt þegar verið er að ræða um söguna og um stjórnsmál og stjórnarfar en einnig er hægt að iðka og æfa sig í lýðræðislegum vinnubrögðum og samskiptum í skólastofunni.

1.4 Jafnrétti

Jafnrétti er hér einnig skilið í víðu samhengi og undir það fellur jafn réttur fólks til virkrar þátttöku í samfélaginu. Í aðalnámskrá eru taldir upp eftirfarandi þættir jafnréttismenntunar og felst hún m.a. í því að koma skuli í veg fyrir að fólki sé mismunað eftir utanaðkomandi þáttum sem skilgreinir það sem getur verið „[a]ldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni [og] þjóðerni.“⁵ Því miðar jafnréttismenntun að því að nemendur beri virðingu fyrir því sem aðskilur okkur og að kenna nemendum að þennan rétt þurfi að standa vörð um til að hægt sé að skapa samfélag sem raunverulega virðir jafnan rétt allra. Þessu markmiði er hægt að ná fram með því að virkja

⁵ Sama rit, bls. 20.

meðvitund nemenda um að ekki eigi allir sama rétt í samfélaginu og að til að það verði þurfa allir að leggja sitt á vogarskálarnar.

1.5 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð er í aðalnámskrá skilgreint sem alhliða heilbrigði og vellíðan, bæði líkamleg, andleg og félagsleg. Skólinn skyldi því stuðla að líkamlegu heilbrigði með því að sjá til þess að nemendur fái nauðsynlega hreyfingu og heilsusamlegt fæði. Einnig er það hlutverk skólans að huga að andlegu og félagslegu heilbrigði og velferð með því að skapa nemendum öruggt, jákvætt og uppbyggjandi umhverfi í skólum. Stuðla þarf að því að byggja upp jákvæða og heilbrigða sjálfsmynd nemenda og skal þeim gefinn kostur á að þroska hæfileika sína á einstaklingsmiðaðan hátt.

1.6 Sköpun

Aðalnámskrá skipar sköpun í hóp með grunnþáttunum sex og gerir því skapandi þætti námsins hærra undir höfði en oft hefur verið gert. Bent er á að hvetja skuli börn og ungmenni til leiks og ýta undir skapandi aðferðir í námi og að virkja ímyndunarafl nemenda í tengslum við úrlausn viðfangsefna í skólanum. Með því að hlúa að hinum skapandi þætti er stuðlað að persónulegu námi sem frumkvæði nemenda og skyldi tengjast inn í allt skólastarf en er ekki bundið við listgreinar eingöngu.

1.7 Hæfni

Hæfni er ekki einn af grunnþáttunum en er aftur á móti það markmið sem menntun í grunnþáttunum stuðlar að. Hér er átt við að sé lögð áhersla á að flétta grunnþættina sex inn í skólastarfið fái börn og ungmenni aukna og mikilvæga hæfni í að taka þátt í samfélaginu sem heilbrigðir og sterkir einstaklingar.

1.8 Gagnrýnin hugsun

Í inngangskafli að grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá kemur eftirfarandi fram í stuttri málsgrein sem fjallar um sköpun: „Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýnni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.“ Sé lesið í gegnum aðalnámskrá kemur svo reglulega fram að leggja skuli mikla áherslu á gangrýna hugsun (bls, 19, 22, 24, 37, 39 og 53). Hins vegar er gagnrýni vert að ekki sé sér kafli um mikilvægi gagnrýnnar hugsunar þar sem gagnrýnin hugsun leggur grunninn að áherslubreytingum í skólastarfi sem og öðru starfi. Til að hægt sé að innleiða grunnþættina sex inn í skólastarfið

þarf starfsfólk skóla að horfa á starfið, gildin sem unnið er eftir, kennsluaðferðir og námsefni á gagnrýninn hátt og með opnum og skapandi huga. Auk þess sem það að virkja gagnrýna hugsun nemenda ætti að vera hluti af lýðræðismenntun þeirra. Við vinnu þessarar rannsóknar var því mikilvægt að nálgast námsefnið með gagnrýnni og skapandi hugsun til að fá sem skýrasta og besta mynd af þeim möguleikum og/eða hnökrum sem þar eru að finna.

II. Námsgreinar

Í samráði og samvinnu við ritstjóra Námsgagnastofnunar var ákvörðun tekin um það að byrjað yrði á að skoða íslensku, stærðfræði og samfélagsgreinar á unglingastigi með hliðsjón af öllum grunnþáttunum sex. Við afmörkun á því hvaða kennslubækur yrðu teknar fyrir var ákveðið að fara eftir flokkun Námsgagnastofnunar á *kjarnaefni á unglingastigi*. Í samtölum við ritstjóra og starfsfólk Námsgagnastofnunar við upphaf rannsóknarinnar kom í ljós að flestir voru sammála um það að sumar námsgreinar hentuðu betur til miðlunar á ákveðnum grunnþáttum en aðrar. Lífsleikni er líklega sú grein sem nær yfir flesta þættina svo er náttúrufræði dæmi um námsgrein sem best er til þess fallin að fræða nemendur um **sjálfbærni** á sama hátt og einhver myndi segja móðurmálskenndu vera best til þess fallna að kenna **læsi**. Þá væru sagnfræði og þjóðfélagsfræði þær greinar sem hægt væri að nýta til að kenna **jafnrétti** ásamt **lýðræði og mannréttindum**, leikfimi tengist helst **heilbrigði og velferð** og í smíðju og tónlistarkenndu væri **sköpun** tekin fyrir. Hins vegar ef markmið aðalnámskrár um að grunngildunum sé fléttað inn í allt skólastarf eigi fram að ganga mun námsgrein eins og lífsleikni sem aðeins er kennd í einni kennslustund á viku eða þær námsgreinar sem augljóslega mennta nemendur í einum þætti umfram aðra ekki nægja. Því var talið mikilvægara að skoða einnig námsgreinar sem ekki virtist liggja beint við að nýta til miðlunar á grunngildunum auk þess að skoða þær greinar sem augljóslega virðast miðla ákveðnum þáttum út frá þáttum sem ekki eru eins augljósir í þeirri grein.

Við lestur á drögum sem komin eru að námskrá fyrir hverja námsgrein kemur í ljós að nokkuð fyrirsegjanlegt er hvaða grunnþættir eru taldir upp í hverri grein. Læsi er sá þáttur sem oftast er nefndur í íslensku hlutanum ásamt sköpun í því samhengi að tungumálið er skapandi, lýðræði og mannréttindi í hlutanum sem fjallar um samfélagsgreinar og stærðfræðinni var sköpun helst nefnd. Áhugavert var þó að sjá að læsi er ekki nefnt í stærðfræðihlutanum, jafnrétti var aðeins nefnt í námskrá fyrir íslensku í þeim hluta sem fjallar um íslensku fyrir þau sem hafa annað móðurmál en íslensku en í námskrárhlutanum sem fjallar um samfélagsfræði komu allir þættirnir sex fram í ólíku samhengi og þó nokkuð oft.⁶ Sé aftur litið í aðalnámskrá þá kemur þar fram að:

⁶Sjá drög að námskrám á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins).

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/namskrardrog/>

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.⁷

Þessar leiðbeiningar er mikilvægt að hafa í huga við undirbúning skólastarfsins, einnig þegar kemur að því að endurskoða og undirbúa kennslu ákveðinna námsgreina með grunnþætti náms að leiðarljósi.

Hér á eftir verður farið markvisst í gegnum námsefni unglingastigsins í þeim þremur námsgreinum sem valdar voru fyrir þessa rannsókn. Stærðfræði var valin vegna þess að líklega sjá ekki allir að stærðfræðikennsla bjóði upp á möguleika til menntunar og miðlunar á grunnþáttunum en annað kom á daginn. Íslenskan er sú námsgrein sem augljóslega er bein menntun í læsi og var því áhugavert að sjá hvaða öðrum grunnþáttum var hægt að miðla gegnum íslenskukennslu. Samfélagsgreinar eru nokkrar og voru bækur í sögu, landafræði, trúarbragðafræði, samfélagsfræði og þjóðfélagsfræði lesnar og var áhugavert að sjá hversu ólíka möguleika hver undirgrein hefur upp á að bjóða auk þess nokkuð skýrt er hvað þarf að bæta.

1. Stærðfræði

Ég vil skipa stærðfræði til sætis við hlið læsis, þannig að stærðfræði verði einnig að eins konar hæfni til að athafna sig í stærðfræðilega uppbyggðum heimi.⁸

Bækurnar sem féllu undir kjarnaefni á unglingastigi í stærðfræði voru bókarflokkarnir 8-10, 1-6 og Stærðfræði 8+, 9+ og 10+. Fyrir þau sem ekki lifa og hrærast með stærðfræði og stærðfræðikennslu gætu spurt sig hvort námsgrein sem fjallar um tölur hafi eitthvað að gefa varðandi miðlun á grunnþáttum menntunar. Hins vegar var þetta það fag sem kom skýrsluhöfundu einna mest á óvart. Í ljós kom að stærðfræðin býður upp á mikla möguleika varðandi það að taka inn grunnþættina og þá eiga þær bækur sem um er fjallað líklega stóran

⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 14.

⁸ Skovsmose, Ole, 1998, bls. 200.

þátt í því og virðist hafa vel tekist til við samningu þessara bóka. Með því að nýta möguleika stærðfræðinnar virðist sem stærðfræðikennarar séu komnir í lykilhlutverk við að miðla grunnþáttum menntunar til nemenda sinna.

Það sem ágætt er að hafa í huga þegar ráðist er í að finna tengingar í stærðfræði við grunnþættina er að rifja upp hvers vegna börnum er kennd stærðfræði og til hvers munu börnin nota þekkinguna í sínu daglega lífi í framtíðinni. Nemendur eru jafn ólíkir og þeir eru margir, á meðan sumum hentar vel að reikna dæmi eftir dæmi, jafnvel sér til skemmtunar eru aðrir sem sjá lítinn tilgang með því og með stærðfræðinámi almennt. Með því að rifja fyrst upp hvað hver grunnþáttur stendur fyrir og opna því næst bókina kemur fljótt í ljós að milli þeirra og stærðfræðikennslu eru miklar tengingar. Eins og komið hefur fram var ekki talað um læsi í tengslum við stærðfræði í drögunum sem var búið að birta á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er því við hæfi að skoða hvort læsi og stærðfræðikennsla fari yfir höfuð saman.

Hér fyrir framan var nefnt að læsi sé meira en lestur og er t.d. hægt að tala um að vera læs á samfélag. Sé því velt fyrir sér til hvers almenningur notar sína stærðfræðiþekkingu þá er ekki hægt að horfa framhjá því að flest það sem nútímamanneskja fæst við í dag tengist að einhverju leyti útreikningum. Það að reka heimili og fjölskyldu krefst útreikninga, það að fá laun fyrir störf sín krefst þess að launþegi sé læs á launaútreikning til þess eins að hann fái áreiðanlega rétt reiknaða launaupphæð. Prósentureikningur kemur sér vel á útsölutímabilum, ekki einungis til að geta reiknað gróflega í huganum hvað útsöluvaran kostar þegar ákveðin prósentu hefur verið fjarlægð af verðmiðanum heldur krefst það einni skilnings á prósentureikningi og læsi á hlutföll. Svona er hægt að fara í gegnum ákaflega margt sem tengist daglegu lífi. Stærðfræði gagnast auk þess ekki einungis þeim sem leggja fyrir sig raungreinar í háskóla heldur tengist hún mörgum sviðum s.s. listnámi, meira að segja tónlist er skráð út frá ákveðnum útreikningum. Þetta eru hins vegar að miklu leyti hlutir sem eru settir í annan búning og margir átta sig ekki á tengingunni sem eykur mikilvægi þess að kennarar geri þessar tengingar stöðugt sýnilegar. Eitt dæmi um það sem sem oft yfirsést bendir Ole Skovsmose, sem vitnað var í hér að framan, á en það er mikilvægi stærðfræðikunnáttu í tengslum við lýðræðismenntun því undistöðuþekking á stærðfræði og læsi á tölur skiptir gríðarlegu máli varðandi mögulega þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Bók: Átta til tíu (1)

Stærðfræði: Átta til tíu (1)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	76 Tugabrot og prósentur, 93 Tölfræði
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	34 Hlutföll , 93 Tölfræði
Jafnrétti	34 Hlutföll, 93 Tölfræði
Heilbrigði og velferð	34 Hlutföll, 76 Tugabrot og prósentur
Sköpun	4 Hringir og hyrningar, 58 Frumtölur, 66 Þrívídd

Læsi:

Upphafstexti *Tölfræði* kaflans segir það sem segja þarf um tengsl tölfræði og læsis: Notkun tölfræði hefur aukist mjög á síðustu áratugum. [...] Í dagblöðum, tímaritum og fréttatímum ljósvakamiðla má oft finna tölfræðilegar upplýsingar. Þessi þróun hefur valdið því að læsi á tölfræðileg gögn og niðurstöður er nú talið vera hluti af almennu læsi.“ (Bls. 93)

Lýðræði og mannréttindi

Til að geta tekið þátt í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að vera læs á hlutföll því mikið af þeim upplýsingum sem birtast um það sem tengist þjóðinni eru settar fram í hlutföllum, t.d. þegar talað er um höfðatölu (bls. 40).

Jafnrétti

Þar sem tölfræði er eitt af þeim tækjum sem notuð eru til að fylgjast með kynjahlutföllum, launatölum í tengslum við kynbundinn launamun o.s.frv. er mikilvægt að skilja hvernig tölfræðin virkar til að geta lesið í upplýsingar sem tengjast jafnréttismálum.

Heilbrigði og velferð

Kaflinn *Tugabrot og prósentur* kennir nemandanum m.a. að lesa í upplýsingar um innihaldsefni matvæla sem er mikilvægt fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Ekki nægir að vita hvaða næringarefni líkaminn þarf heldur þarf einnig að vita hvaðan við fáum þessi næringarefni þá er gott að geta lesið í innihaldsupplýsingar á matvöru til að vita hvað við ættum að varast.

Sköpun

Kaflinn um þrívídd er mikilvægur í skapandi tilliti þar sem þau sem vilja skapa þrívíða hluti eða skapa listaverk í þrívídd þurfa að hafa aðferðirnar á hreinu sem fjallað er um í þessum kafla.

Bók: Átta til tíu (2)

Stærðfræði: Átta til tíu (2)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Brot, 53 Prósentureikningur
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	52 Þrautir , 53 Prósentureikningur, 82 Reglur og reikningur
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	4 Brot, 42 Hnitakerfi og flutningur

Læsi:

Kaflinn *Prósentureikningur* er gott dæmi um það hvernig nemendur eru gerðir læsir á marga þætti samfélagsins í einu. Lækkun á útsöluvörum í búðum er yfirleitt tilgreind í prósentum, launahækkunarir eru yfirleitt reiknaðar í prósentum auk þess sem hlutföll landsmanna í umræðum um ýmsa þætti samfélagsins s.s. búsetu eru einnig oft tilgreind í prósentum. Ef einstaklingur skilur ekki prósentuútreikning er óskaplega margt sem tengist samfélaginu sem viðkomandi skilur ekki og getur því trauðla tekið þátt á sama hátt og sá sem hefur prósentureikning á valdi sínu.

Lýðræði og mannréttindi:

Kaflinn *Þrautir* snýst um rökfræðiæfingar en mikilvægt er að æfa einstaklinga í því að færa rök fyrir máli sínu og því er rökfræðikennsla mikilvæg fyrir einstaklinga sem vilja taka þátt í lýðræðissamfélagi og lýðræðislegri umræðu.

Sköpun:

Í mörgum listgreinum s.s. málalag, arkitektúr og fleiri greinum er mikilvægt að þekkja hnitakerfi og flutninga og fer kaflinn *Hnitakerfi og flutningur* sérstaklega í hvernig hægt er að nýta þessa aðferð við að teikna upp og búa til mynstur.

Bók: Átta til tíu (3)

Stærðfræði: Átta til tíu (3)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Tölur, 20 Rými, 35 Algebra, 51 Jöfnur og gröf, 64 Talnameðferð, 93 Stærðfræði í daglegu lífi
Sjálfbærni	93 Stærðfræði í daglegu lífi
Lýðræði og mannréttindi	4 Tölur, 78 Rökræði og mengi
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	20 Rými

Læsi

Upphafskafli bókarinnar, *Tölur*, er gott dæmi um kennslu í því að verða læs á tölur. Þar er farið í veldisreikning og hann útskýrður á mjög skýran hátt, út á hvað hann gengur, hvers vegna veldi er notað og svo er nemendum að auki kennt að reikna veldi með reiknivél.

Sjálfbærni

Kaflinn *Stærðfræði í daglegu lífi* er ágætur til að miðla og ræða um sjálfbærni þar sem í kaflanum er farið í útreikninga sem tengjast neyslu, bæði matar og bensíns auk þess sem dæmi eru tekin um vatnsbúskap í heiminum. Öll þessi atriði ættu að vera kjörin til að ræða hvað felst í sjálfbærni og til að gera nemendur meðvituð um umhverfi sitt og þeirra eigin neyslu.

Lýðræði og mannréttindi

Mikilvægt er að hafa rökræði á valdi sínu í lýðræðissamfélagi og til að geta tekið þátt í lýðræðislegri umræðu og kaflinn um rökræði og mengi hentar því vel í lýðræðiskennslu.

Sköpun

Rými fjallar um tvívíð og þrívíð form sem getur komið sér vel fyrir þau sem ætla sér að skapa eða finna upp hluti, s.s. fyrir upprennandi listamenn, arkitekta og verkfræðinga.

Bók: Átta til tíu (4)

Stærðfræði: Átta til tíu (4)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	31 Páskaegg til Bandaríkjanna , 34 Tölfræði og líkindi, 66 Fjármál, 110 Stærðfræði í morgunsárið
Sjálfbærni	66 Fjármál, 73 Hópverkefni
Lýðræði og mannréttindi	34 Tölfræði og líkindi
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	66 Fjármál
Sköpun	4 Hlutföll, 80 Hyrningar og hringir

Læsi:

Kaflinn *Páskaegg til Bandaríkjanna* er ágætur kafli sem hægt er að benda á hvernig stærðfræðikunnátta getur gert okkur læs á það hvernig t.d. fjáröflun og skipulögð dreifing á vöru gengur fyrir sig og mikilvægi útreikninga til að hlutirnir gangi upp.

Sjálfbærni:

Kaflinn *Fjármál* er dæmi um kafla sem hægt er að nýta til að flétta inn umræður um sjálfbærni og hægt er að ræða raunverulegar þarfir og gerviþarfir í tengslum við neyslu í samfélaginu. Hópverkefnið á bls. 73, *Að stofna nýtt samfélag*, er einnig kjörið til að fá nemendur til að hugsa út í það hvernig þau vilja hafa sitt samfélag, hvernig er hægt að gera hlutina þannig að allir græði, bæði manneskjur og náttúra og hvernig er hægt að skapa sjálfbært samfélag.

Lýðræði og mannréttindi:

Tölfræði og líkindi fjallar um tölfræði sem tengist íslensku samfélagi og er því ágætt til að skapa umræðu um íslenskt samfélag og mikilvægi þess að geta lesið í upplýsingarnar um það hvernig ýmsir þættir samfélagsins eru. Ef nemendur eru ekki læsir á tölfræði eiga þeir erfiðara með að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, sem er hluti af lýðræðismenntun.

Heilbrigði og velferð:

Það að vera læs á fjármál skiptir miklu máli fyrir heilbrigði og velferð einstaklingsins og því eru kaflar eins og þessi mikilvægt veganesti fyrir nemendur og ágætlega til þess fallinn að skýra fyrir þeim mikilvægi fjármálalæsis fyrir velferð þeirra og heilsu.

Sköpun:

Kaflinn um hyrninga og hringi er góður til að sýna fram á skapandi þátt stærðfræðinnar og tengsl hennar við listsköpun.

Bók: Átta til tíu (5)

Stærðfræði: Átta til tíu (5)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Rúmfræði og algebra, 23 Tölur og talnafræði , 67 Pýþagóras, 76 Líkón
Sjálfbærni	80 Hópverkefni
Lýðræði og mannréttindi	
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	4 Rúmfræði og algebra , 67 Pýþagóras

Læsi:

Kaflinn um tölur og talnafræði er vel til þess fallinn að fjalla um það að verða læs á tölur því hér er bæði fjallað um ólíkar reikniaðferðir ásamt ýmsu öðru, m.a. um tengsl talnafræði og röksemdafærslna.

Sjálfbærni:

Hópverkefnið á bls. 80 er umfram það að þjálfar nemendur í að reikna hlutföll, kennslubókardæmi í sjálfbærni. Verkefnið snýst um að meta tjón sem verður þegar olíubíll veltur í Heiðmörk, nálægt vatnsbóli, og eru þar margar spurningar sem tengjast beinlínis, mengun og umhverfisvernd auk þess sem hægt er að víkka út umræðuefnið og stofna til umræðna um sjálfbærni.

Sköpun:

Kaflinn um rúmfræði og algebru tengist sköpun að því leyti að þar er verið að kenna nemendum að reikna út alls kyns form sem getur ýtt undir áhuga þeirra á formum og skapandi verkefnum sem tengjast stærðfræði.

Bók: Átta til tíu (6)

Stærðfræði: Átta til tíu (6)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	36 Rökhugsun, 70 Prósentur, 102 Unglingar og fjármál
Sjálfbærni	4 Tölfræði
Lýðræði og mannréttindi	36 Rökhugsun
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	4 Tölfræði, 102 Unglingar og fjármál
Sköpun	58 Horn, 96 Botalar

Læsi:

Kaflinn *Unglingar og fjármál* fjallar um fjármálalæsi og mikilvægi þess að vera læs á það sem snýr að þínum eigin fjármálum.

Sjálfbærni:

Dæmin í tölfræðikaflanum tengjast flest neyslu eða akstri og býður upp á áhugaverða nálgun að umræðum um sjálfbærni.

Lýðræði og mannréttindi:

Það að þjálfar nemendur í rökhugsun er mikilvægur liður í því að hjálpa þeim til að verða hæfir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn um unglinga og fjármál er ekki einungis mikilvægur til að gera nemendur læsa á fjármál heldur er hér ágætt að ræða um mikilvægi þess fyrir heilbrigði og velferð að við lærum að sjá fyrir okkur og hluti af því er að læra að fara með sín eigin fjármál.

Sköpun:

Kaflinn Brotalar er dæmi um það þegar mörkin milli stærðfræði og sköpunar verða óskýr því þó svo að hér sé verið að reikna út stærðir er á sama tíma verið að skapa listaverk.

Bók: 8+

Stærðfræði: 8+	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Verslunarmiðstöðin, 16 Stærðfræði og íþróttir, 84 Sölutorgið , 96 Pósthúsið
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	
Jafnrétti	52 Munur milli kynja
Heilbrigði og velferð	16 Stærðfræði og íþróttir, 64 Góðgæti
Sköpun	32 Rúmfræði í byggingum , 46 Íslenska þjóðin, 84 Sölutorgið

Læsi:

Kaflinn um sölutorgið er ágætur varðandi læsi á verslunarrekstur og í kaflanum eru notaðar ýmsar reikniaðferðir sem sýnir nemendum um leið notagildi reikniaðferðanna.

Jafnrétti:

Í kaflanum *Íslenska þjóðin* er m.a. ein blaðsíða sem tekur dæmi um tölfræðiútreikning á þátttöku kynjanna á vinnumarkaðinum sem getur verið kveikja að umræðum um jafnrétti kynjanna.

Heilbrigði og velferð:

Í kaflanum *Góðgæti* er æfing í almennum brotum og tugabrotum og eru dæmin tekin af alls kyns mat og góðgæti sem er góð æfing fyrir nemendur í því að verða læs á tengsl matar, útreikninga og heilsu.

Sköpun:

Rúmfræði í byggingum hefur beina skírskotun til tengsla sköpunar og stærðfræði þar sem byggingar eru skapaðar og gefst hér innsýn í hvernig stærðfræðin tengist þeirri sköpun.

Bók: 9+

Stærðfræði: 9+	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Sumarleyfi, 18 Hús og garðar, 26 Laun og gjöld, 52 Tívolí, 70 Á skellinöðru , 88 Æfingar og heppni
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	
Jafnrétti	26 Laun og gjöld , 70 Á skellinöðru
Heilbrigði og velferð	52 Tívolí , 100 Mælingar og einingar
Sköpun	18 Hús og garðar, 42 Mynstur í umhverfinu

Læsi:

Í kaflanum *Á skellinöðru* er farið í allt frá launaútreikningi í tengslum við að safnað er fyrri skellinöðrunni til þess að reikna út bensínnotkun og tryggingar og er því hjálplegt fyrir nemendur í að verða læs á tengsl launa og neyslu.

Jafnrétti:

Kaflinn um laun og gjöld er mikilvægur í jafnréttistilliti þar sem mikilvægt er að gera nemendur læsa á hvernig launaútreikningar virka til að gera þau meðvituð um að ekki sé brotið á þeim varðandi launagreiðslur þegar þau fara að vinna.

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn *Tívolí* er ágætur varðandi umræðu um heilbrigði og velferð þar sem hér er farið í líkindareikning og neyslu á skemmtun og óþarfa eins og sælgæti og happadrætti. Út frá þessu er hægt að ræða hvort þetta séu hlutir sem skipta okkur raunverulegu máli og hvaða áhrif slík neysla getur haft á heilbrigði okkar og velferð, sérstaklega ef hún fer úr hófi.

Sköpun:

Mynstur í umhverfinu er kafli sem fjallarbeinlínis um skapandi þætti stærðfræðinnar.

Bók: 10+

Stærðfræði: 10+	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Heimili verður til , 30 Fiskveiðar, 44 Horft á sjónvarp, 56 Síminn og netið, 86 Í bankanum
Sjálfbærni	18 Á saumastofunni , 30 Fiskveiðar, 72 Gönguferðir á fjöllum
Lýðræði og mannréttindi	
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	44 Horft á sjónvarp , 56 Síminn og netið, 72 Gönguferðir á fjöllum
Sköpun	4 Heimili verður til, 18 Á saumastofunni

Læsi:

Kaflinn *Heimili verður til* getur hjálpað nemendum við að verða læs á þátt stærðfræði í okkar nánasta umhverfi, heimilinu og nærumhverfi.

Sjálfbærni:

Kaflinn *Á saumastofunni* fjallar um saumaskap þar sem er fylgt er eftir ferlinu frá innkaupum efnisins þar til eitthvað hefur verið skapað úr því sem keypt var. Hér er því hægt að tengja neyslu og nýtni sem tengist sjálfbærni við notagildi stærðfræðinnar.

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn *Horft á sjónvarp* fjallar m.a. um fjölmiðla og bent er á áhrif þeirra á sjálfsmyndina því er hægt að skoða þennan kafla út frá hlutverki fjölmiðla í sambandi við andlegt og líkamlegt heilbrigði.

Sköpun:

Kaflann *Á saumastofunni* tengist einnig sköpun þar sem hægt er að skoða tengsl stærðfræðilegra útreikninga við það hvernig skapað er úr efninu sem keypt er.

2. Íslenska

Eins og komið hefur fram er íslenskukennsla það fag sem kennir beinlínis læsi en læsi snýst þó um annað og meira en það að verða læs. Læsi í íslensku snýst einnig um að öðlast orðaforða, málskilning, hæfni í málnotkun, læsi og skilning á bókmenntum svo eitthvað sé nefnt og hér á eftir er sýnt hvaða möguleikar íslenskubækurnar hafa upp á að bjóða. Sköpun er einnig nátengd íslenskukennslu því tungumálið er skapandi í eðli sínu en hvaða aðrir grunnþáttir tengjast íslenskukennslunni og hvernig?

Bók: Mályrkja I

Íslenska: Mályrkja I	Bls. og kaflaheiti:
Læsi*	210 Minnisgreinar um stefnutilvísanir
Sjálfbærni	15 Fótamiðlun blómstrar
Lýðræði og mannréttindi	35 Sláturfélagið stefnir Goða hf., 45 Viðtal við Ágústu , 121 Ekkert grín, 126 Gálgin, 139 Hlemmur, 153 Hæja umh igg avv-avv, 161 Grimmd, 174 Varnarstrið hafið
Jafnrétti	23 Það að geta ekki talað, er ekki það sama og að hafa ekkert að segja, 45 Viðtal við Ágústu, 92 Strákarnir guggna á að vinna við saumaskap, 93 Karla- og kvennamál , 94 „Kvenlegir“ bassar, 95 Skverlegar skvísur, 102 Fyrsta lyfting mín, 139 Hlemmur, 206 Kvennaverkfall og Barbie brennur
Heilbrigði og velferð	
Sköpun*	Verkefni bls. 91

Læsi:

Minnisgreinar um stefnuýfirlýsingu er texti eftir Halldór Laxness sem fjallar um að vera læs á málvenjur á þeim stað sem við erum stödd á.

Sjálfbærni:

Fótamiðlun er dæmi um texta sem hægt er að nota í sjálfbærnimenntun út frá nýtni. Textinn fjallar um það hvernig fólk sem hefur mis- stóra fætur kemst í tengsl hvert við annað og getur þá sá sem kaupir skó sent annan skóinn til einhvers í hópnum sem notar sama númer. Síðan er hægt að komast í tengsl við annan aðila sem notar sama númer og sá sem keypti skóna notar á

* **Læsi og sköpun** eru þeir grunnþættir menntunar sem eru gegnumgangandi þættir í allri íslenskukennslu, hvort sem um ræðir bókmennta- eða málfræðihlutann. Bókmenntahlutarnir, ljóð og sögur, gera nemendur læsa á ólíkar bókmenntagreinar auk þess að vera sköpun, listsköpun, í eðli sínu. Málfræðin er einnig mikilvægur þáttur læsis því gegnum kennslu tungumálsins verða nemendur bókstaflega læsir á texta en málfræðin skiptir einnig miklu máli varðandi sköpun þar sem einnig er hægt að líta á tungumálið sem skapandi tæki. Mályrkjubækurnar gefa einnig reglubundið upplýsingar um tilurð orða, orðsifjar ásamt innsýn í önnur tungumál sem er einnig einn þáttur læsis og sköpunar í víðara samhengi.

hinn fótinn. Þetta er gott, og skemmtilegt, dæmi um það hvernig hægt er að koma í veg fyrir að hlutum sé hent að óþörfu.

Lýðræði og mannréttindi:

Viðtal við Ágústu, Ágústa er blindur nýstúdent og viðtalið við hana gefur nemendum innsýn í líf og menntun þeirra sem þurfa að lifa með fötlun auk þeirra möguleika sem þau hafa. Hér vantar þó verkefni með spurningum fyrir nemendur til að vekja upp vangaveltur um aðstæður blindra sem getur vakið máls máls á mannréttindum og lýðræði og er mælt með því að kennarar staldri aðeins við texta sem þessa þó svo að eiginleg verkefni vanti.

Jafnrétti:

Karla og kvennamál er texti sem fjallar um ólíka orðanotkun stelpna og stráka. Þetta er ágætur texti til að vekja upp umræður um muninn á kynjunum, ef einhver er. Hér verður einnig að nefna smásögu Þórbergs Þórðarsonar *Fyrsta lyfting mín*. Sagan fjallar um það þegar tveir vinir sofa eitt kvöld til skiptist hjá ungri konu úti í kirkjugarði. Án þess að það sé sagt hreint út er hér líklega um vændiskaup að ræða. Skýrsluhöfundur efast um það hver tilgangur sögu sem þessarar er í námsbók í íslensku, ætlaðri áttunda bekk, og verkefnið sem fylgir sögunni gerir lítið til að útskýra þann tilgang. Kennsluleiðbeiningar skýrðu ekki heldur þennan tilgang.

Sköpun:

Verkefni bls. 91 snýst um að gera leikgerð af sögunni sem þar fer á undan og er gott dæmi um hvernig hægt er að virkja og ýta undir skapandi kraft nemenda.

Bók: Mályrkja II

Íslenska: Mályrkja II	Bls. og kaflaheiti:
Læsi*	62 Um þýðingu á annað tungumál
Sjálfbærni	33 Heimur á heljarþróm, 34 Græn bylting á heimilum, 36 Lítið framboð á umhverfissvænum vörum, 37 Allt sorp í sarpinn, 38 Held að hann geti hentað vel í bæjarakstri, 136 Leikföngin
Lýðræði og mannréttindi	40 Innflytjendabörn – börn sem þarfnast aðstoðar, 42 Hinir ranglitu, 175 Útihátíðir, áfengi og kynlíf unglunga, 176 Að fæðast um þritugt , 176 Gleðin er besta víman, 177 „Góðu börnin“ gleymast alltof oft, 179 Hópumræður – hópvinna, 195 Vegalaus í sprungum velferðarinnar, 197 Raunasaga útigangsfólks
Jafnrétti	102 Í eðli þínu varstu alltaf virkilega kvenleg, 107 Karlar , 111 Konur
Heilbrigði og velferð	161 Gleðin lengir lífið, 185 Sígarettustelpa, 185 Reykingar unglunga í vexti að nýju, 186 Tóbaksvarnarstarf skilar sér, 187 Reykingar 15-16 ára stráka hafa aukist, 190 Dæmdur til að borða heilsufæði, 198 Lífsstíll nútímans, 203 Útlenskur magi í íslenskum búk, 207 Kossar
Sköpun*	48 Fjarlægð, 48 Sjónarhorn

Læsi:

Um *þýðingu á annað tungumál* fjallar um þýðingar og mikilvægi þess að skilja ekki bara tungumálið sem þýða skal yfir á heldur þurfi þýðandinn að vera læs á merkingu orðanna og samskiptamenninguna sem tungumálið lifir í.

Sjálfbærni:

Einn af þremur þemaköflum annarrar bókar Mályrkju fjallar um umhverfið og eins og sést í töflunni hér fyrir ofan býður sá hluti bókarinnar upp á mörg umræðuefni er tengjast umhverfinu og sjálfbærni. Smásagan *Leikföngin* býður hins vegar upp á aðra nálgun að sjálfbærni þar sem sagan fjallar um gamlan mann sem átti sjálfur engin tilbúin leikföng í barnæsku og langar til að gefa barni bolta sem var eitt af þeim leikföngum sem hann sjálfan langaði alltaf til að eignast. Saga eins og þessi hentar vel til að skapa umræður um neytendamenningu nútímans og hvort börn þurfi á öllum þeim leikföngum að halda sem þau hafa aðgang að í dag.

Lýðræði og mannréttindi:

Blaðaúrklippurnar þrjár; *Útihátíðir, Áfengi og kynlíf unglunga* og *Að fæðast um þritugt* er gott dæmi sem sýnir þátt dagblaða í lýðræðislegri umræðu. Í hverri grein birtist ólíkt sjónarhorn á sama umræðuefnið og er því um ágæt uppspretta til að vekja nemendur til umhugsunar um sín eigin viðhorf til umræðuefnisins auk þess að vera þjálfun í lýðræðislegri aðferð þar sem fólk ræðir saman og kemst að niðurstöðu.

Jafnrétti:

Blaðagreinin *Karlar* fjallar um krem og konur þar sem fjallað er um kremnotkun kvenna á brjóstastinningarkremum á kaldhæðinn hátt sem hægt er að nýta sem umræðugrundvöll um fegurðardýrkun þá sem karlar virðast skapa en konur telja sig þurfa að uppfylla.

Heilbrigði og velferð:

Í þessari Mályrkjubók eru nokkrir textar um skaðsemi reykinga og hentar vel til umræðu um heilsusamlegt lífni. Skemmtilegasti kaflinn sem fjallar um heilsu er þó blaðaúrklippan *Kossar* en þar er bent á hversu mörgum hitaeningum er brennt við ástríðufullan koss. Kafla sem þessi getur því skapað frekari umræður um hvað telst til hreyfingar, hvort við þurfum alltaf að fara í líkamsræktarstöð til að hreyfa okkur eða hvort margar aðrar athafnir s.s. tiltekt eða garðrækt geti flokkast undir heilsusamlega hreyfingu.

Sköpun:

Kaflarnir *Fjarlægð* og *Sjónarhorn* fjalla um ljósmyndun sem getur ýtt undir umræður um sköpun og skapandi verkefni nemenda.

Bók: Mályrkja III

Það sem einkennir efni þriðju Mályrkjubókarinnar eru íslensk skáld og verk þeirra. Stuttar frásagnir af ævi skáldanna koma á undan sýnishorni af höfundarverki þeirra auk verkefna sem tengjast tungumálinu. Farið er hratt yfir sögu allt frá rómantík nítjándu aldar fram til þess tíma sem bókin er samin sem er fyrir um fimmtán árum síðan. Fyrir utan læsi er því sköpun sá grunnþáttur sem er hægt að ræða og miðla gegnum bókina alla. Umfjöllun um höfund fylgir textum eldri höfundanna en viðtöl fylgja textum þeirra sem yngri (og lifandi) eru sem gefur ákveðna innsýn í sköpunarferlið sem gefa möguleika á um ræðum um það hvernig tungumálið er nýtt á skapandi hátt.

Íslenska: Mályrkja III	Bls. og kaflaheiti:
Læsi*	14 Hvað þarf ég að kunna í málfræði og af hverju?, 199 Meira en milljón gefins
Sjálfbærni	23 Sumarkvöld
Lýðræði og mannréttindi	17 Jónas Hallgrímsson , 32 Fordæmir morð á barnungum þræl, 128 Gatan í rigningu
Jafnrétti	36 Ólöf frá Hlöðum, 38 Þó konum sé ýtt, 71 Ástin gerir mann vondan, 84 Þórunn Elfa Magnúsdóttir, 85 Þrátt fyrir allt
Heilbrigði og velferð	47 Jóhann Gunnar Sigurðsson, 54 Davíð Stefánsson , 115 Leynibókin (vantar aftur umræður um innihald), 128 Gatan í rigningu
Sköpun*	132 Verkefni (5., 6.)

Læsi:

Hvað þarf ég að kunna í málfræði og af hverju? er ágætur kafli sem fer í það hvers vegna við þurfum að læra málfræði og ágætt að muna hversu vanmetið það er að nota reglulega smá tíma með nemendum í að útskýra og ræða um tilgang námsins. *Meira en milljón gefins* er texti um mikilvægi fyrir máltilfinningu barna að lesið sé fyrir þau og að það búi þau vel undir allt nám sem tengist móðurmálinu.

Sjálfbærni:

Ljóðið *Sumarkvöld* fjallar um fegurð náttúrunnar annars vegar og spillt mannkynið hins vegar og getur ljóð sem þetta verið tilefni til að ræða bæði um fagurfræði náttúrunnar og nýtingu hennar út frá þörfum, eða gervipörfum mannanna.

Lýðræði og mannréttindi:

Í umfjölluninni um *Jónas Hallgrímsson* er m.a. minnst á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sem getur vakið upp umræður um lýðræði. *Gatan í rigningu* er saga sem fjallar um ógæfukonu og

út frá henni er hægt að ræða um ólíkar aðstæður fólks á Íslandi og að hér er líka til heimilislaust fólk.

Jafnrétti:

Í kaflanum um *Ólöfu frá Hlöðum* kemur fram að hún var bæði ágætlega menntuð og sjálfstæð kona sem fór sínu fram í hjónabandi sínu þar sem þau hjónin áttu hvort sinn hluta hússins. Út frá þessari frásögn er hægt að ræða ólíkar aðstæður, stöðu og möguleika kynjanna. Fram kemur t.d. að Ólöf fékk ekki inngöngu í Lærða skólann þar sem hún var kona auk þess sem hægt er að velta fyrir sér sérstöku hjónabandi þeirra Ólafar og Halldórs. Kennarinn getur t.d. bætt við upplýsingum um Ólöfu þar sem þau hjón höfðu einnig aðskilinn fjárhag sem var líklega óvenjulegt á þessum tíma.⁹ Í umfjölluninni um *Þórunni Elfu Magnúsdóttur* er talað um ólíka stöðu kvenkyns og karlkyns rithöfunda og í sögunni *Þrátt fyrir allt* tekur Þórunn Elfa upp þá umræðu að það að kona vildi gera annað en að finna sér gott mannsefni var óviðeigandi. Það að kona vildi starfa við eitthvað eins og myndlist var álitid ókvenlegt sem getur vakið nemendur til umhugsunar um ólíka stöðu kynjanna þá og nú.

Heilbrigði og velferð:

Í köflunum um *Jóhann Gunnar Sigurðsson* og *Davíð Stefánsson* er sagt frá því að þeir fengu báðir berkla og út frá því er hægt að ræða muninn á heilsu eða heilsuleysi fólks í dag og á þessum tíma. Sagan *Gatan í rigningu* er dæmi um sögu af ólánsmanneskju og hægt er að ræða um hana út frá mannréttindum en einnig út frá heilsu og því heilsuböli sem áfengi getur verið þeim sem ánetjast því.

Sköpun:

Verkefni nr. 5 og 6 og bls. 132 er dæmi um skapandi verkefni þar sem annað gengur út á að semja kvikmyndahandrit eftir sögunni sem kemur á undan og hitt snýst um að semja sögu.

Bækur: Vinnubækur með Mályrkju I-III

Einkennandi fyrir allar þrjár vinnubækurnar sem fylgja Mályrkjubókunum er að þar eru næstum eingöngu verkefni í málfræði og stafsetningu en lítið sem ekkert er farið nákvæmar í innihald bókmenntatexta Mályrkjubókanna. Út frá því er lítið hægt að nota vinnubækurnar til

⁹ Sjá t.d.: Skrudda (Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason. 1998. Skrudda. Reykjavík: Námsgaganastofnun.) og ítarefni með Mályrkju III á Mályrkjuvefnum (<http://vefir.nams.is/malyrkja/index.htm>).

að kenna aðra grunnþætti en læsi en þess í stað er hægt að gera meira úr mikilvægi læsis sem þess þáttar sem skiptir mestu máli þegar kemur að móðurmálskennslu. Inn á milli er þó að finna eitt og eitt verkefni sem hægt er að nota til að beina sjónum að ýmsum öðrum þáttum, t.d.:

Jafnrétti:

Í verkefni um forsetningar á bls. 50 í Vinnubók 2 fyrir Mályrkju I er stuttur texti sem fjallar um Alþingi unglunga. Þar kemur fram að þegar unga fólkið settist í sæti þingmanna voru þingkonur fleiri en þegar hinir eiginlegu þingmenn sætu þar inni og er út frá því hægt að ræða ójafnt hlutfall kynjanna á Alþingi.

Bækur: Finnur I-III

Það sama er að segja um bækurnar Finnur I-III (Finnur III er einnig vinnubók fyrir Mályrkju III) og um vinnubækurnar sem fylgja með Mályrkjubókunum að lítið er hægt að nýta þær til miðlunar á öðrum grunnþáttum en læsi þar sem um er að ræða verkefni sem æfa nemendur í málfræði og stafsetningu.

Ljóð

Eins og með þær bækur í íslensku sem hingað til hefur verið rætt um eru ljóðabækurnar, bækur sem nýtast best til miðlunar á grunnþáttunum læsi og sköpun. Þegar farið er í ljóð með ungmennum er þó hægt að bæta ýmsu við með því að skoða og ræða innihald ljóðanna. Yrkisefni ljóðanna er ólíkt og fer það bæði eftir tímabilum og straumum og stefnum í ljóðagerð hvað er fjallað um. Erfitt er að ræða sjálfbærni út frá ástarljóðum en mögulega er hægt að finna þar umræðuflöt sem tengist t.d. jafnrétti og lýðræði. Náttúruljóðin eru hins vegar kjörin til að nota í sambandi við umræður um sjálfbærni og ljóð um Ísland um sjálfstæðisbaráttuna og lýðræði. Hér á eftir fara nokkur dæmi um ljóð og verkefni úr þeim tveimur ljóðasöfnum sem eru til umfjöllunar, *Skólaljóð* og *Ljóðspeglar*.

Bók: Skólaljóð

Íslenska: Skólaljóð	Bls. og ljóð:
Læsi	
Sjálfbærni	23 Vorvísur, 30 Ísland, 49 Dalvísa, 53 Gunnarshólmi, 66 Vorvísa, 166 Sofðu, unga ástin mín
Lýðræði og mannréttindi	23 Íslands minni, 29 Íslands minni, 30 Ísland, 45 Ísland, 63 Ísland, 93 Lofsöngur, 113 Úr Íslendingadags ræðu, 169 Hver á sér fegra föðurland , 203 Konan sem kyndir ofninn minn, 215 Íslendingaljóð
Jafnrétti	37 Þjóðfundarsöngur, 45 Ísland, 74 Á fætur, 103 Móðir mín
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	

Sjálfbærni:

Vögguvísa Jóhanns Sigurjónssonar Sofðu unga ástin mín er angurvært ljóð sem fjallar bæði um barnið sem á að sofna og um íslenska náttúru og er annað erindi ljóðsins vel til þess fallið að ræða um sjálfbærni, landgræðslu og náttúru:

Það er margt sem myrkrið veit,
- minn er hugur þungur.
Oft ég svartan sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Lýðræði og mannréttindi:

Ljóð Huldu, Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, *Hver á sér fegra föðurland* var annað tveggja ljóða sem varð hlutskarpast í ljóðasamkeppni um hátíðarljóð í tilefni af stofnun lýðveldis Íslands árið 1944 og liggur því í eðli þess sjálfs að um lýðræði sé rætt í sömu andrá og þetta ljóð er lesið eða farið með.

Jafnrétti:

Í fyrsta lagi er vert að fá nemendur til að skoða konur í *Skólaljóðum*, í hvaða samhengi birtast þær? Eru konur fjarverandi eða nærverandi og þá hvers vegna? Áberandi er að karlarnir ortu mest um karla, sérstaklega fræga og frækna karlmenn Íslandssögunnar en konur sem yrkisefni voru meira til staðar í kvæðunum sem ástarviðföng eða mæður. Þetta er staðreynd sem ástæðulaust er að horfa framhjá og getur vakið upp margar spurningar og góðar umræður hjá

nemendum og kennurum um jafnréttismál og ólíka stöðu kynjanna í samfélaginu þá og nú. Einnig er ástæða til að velta fyrir sér og ræða um þá staðreynd að fyrsta skáldið í *Skólaljóðum* sem er kona er á bls. 122 og af 42 skáldum bókarinnar eru aðeins þrjár konur. Út frá þessu er svo hægt að skoða þau dæmi sem nefnd eru í listanum hér fyrir ofan.

Bók: Ljóðsprotar

Ljóðasafnið *Ljóðsprotar* er ágætlega upp byggt og hentar vel til umræðna um efni ljóða samhliða vangaveltum um tungumálið og ljóðagerð. Ólíkt Skólaljóðum eru verkefni inni í bókinni sem er komið fyrir á tveimur stöðum í hverjum kafla bókarinnar. Bókarkafarnir eru sex og virðist vera eitt þema ráðandi varðandi innihald ljóðanna þó svo það sé ekki sérstaklega tilgreint í bókinni sjálfri, s.s. náttúran, ástin eða samfélagið. Spurningar verkefnanna eru vel til þess fallnar að fá nemendur til að hugsa sjálfstætt og virkja gagnrýna hugsun þó svo erfitt hafi verið að finna mikið af ljóðum sem falla vel að miðlun grunnþátta menntunar.

Íslenska: Ljóðspeglar	Bls. og ljóð:
Læsi	
Sjálfbærni	28 Þjófadalir, 52 Einbúinn, 72 Dettifoss, 150 Áfangar
Lýðræði og mannréttindi	163 Ísland, 169 Liðsinni, 170 Barn í Biafra, 170 Trú, 171 Stríð
Jafnrétti	152 Við Drekkingarhyl
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	

Sjálfbærni:

Ljóðið *Þjófadalir* eftir Snorra Hjartarson fjallar um íslenska náttúru þar sem bæði eyðileik hennar og grósku er lýst og þessar andstæður eru vel til þess fallnar að ræða um náttúruvernd út frá fagurfræði náttúrunnar.¹⁰ Hægt er að spyrja spurninga eins og: skiptir útlit og upplifun mín af náttúrunni máli þegar kemur að því að færa rök fyrir virkjun náttúrunnar?

Lýðræði og mannréttindi:

Ljóðið *Liðsinni* eftir Þorstein frá Hamri fjallar um fréttirnar sem við fáum reglulega af mannfalli sem verður úti í heimi og um hvort það sé skylda okkar að sýna hluttekningu. Þetta

¹⁰ Í þessu samhengi er hægt að mæla með því við kennara að lesa grein Guðbjargar R Jóhannesdóttur og Sigríðar Þorgeirsdóttur „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar“ (Hugur 2011) sem fjallar um þátt fegurðarinnar varðandi gildismat náttúrunnar.

ljóð getur vakið upp spurningar eins og forréttindi okkar Íslendinga sem lifum í lýðræðissamfélagi þar sem ekki geysa stríð eða hörmungar og vangaveltur um hvort það sé lýðræðinu að þakka eða hvort það sé eitthvað annað í okkar samfélagi sem er ástæðan.

Jafnrétti:

Við Drekkingshyl. Eins og titill ljóðsins ber með sér er um þann forna sið að drekkja konum sem höfðu gert eitthvað af sér. Yfirleitt var þá um hjúskaparbrot, barnaútburð eða eitthvað slíkt að ræða. Hér er því hægt að velta upp spurningum eins og; hvers vegna var körlum ekki drekkt líka? Áttu konur einar að bera ábyrgðina á því að vera með manneskju utan hjónabands, taka þátt í framhjáhaldi eða að eignast barn utan hjónabands? Þarf ekki tvo til, konu og karl?

3. Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinarnar sem hér verða teknar fyrir eru saga, landafræði, trúarbragðafræði, samfélagsfræði og þjóðfélagsfræði.

3.1 Saga

Hér verður fjallað um bækurnar: *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*, *Stríðsárin á Íslandi*, *Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar*, *Sögueyjan*, *hefti 1 – 3*, *Styrjaldir og kreppa: Saga 20. aldar I*, *Frelsi og velferð*, *Saga 20. aldar*. Því miður kom í ljós að þetta er sú námsgrein sem stendur sig verst varðandi jafnréttismenntun. Frekari vangaveltur um það er hægt að lesa í jafnréttisköflunum hér fyrir neðan og í niðurstöðum skýrslunnar.

Bók: Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar

Saga: Jón Sigurðsson	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	4 Jón Sigurðsson og dansk-norska veldið, 22 Sjálfstæðisbarátta , 38 Framfarir og frelsi
Jafnrétti	10 Ingibjörg Einarsdóttir og staða kvenna á fyrri hluta 19. aldar
Heilbrigði og velferð	32 Ísland – fátækt og vanþróað land?
Sköpun	

Lýðræði og mannréttindi:

Bókin um Jón Sigurðsson er uppbyggð á þann hátt að annars vegar er sagt frá Jóni sjálfum og hans persónulegu högum og hins vegar því umhverfi, aðstæðum og tímabili sem hann lifði á. Þar sem líf hans tengist beint sjálfstæðisbaráttu Íslands er einnig fjallað um baráttu annarra þjóða fyrir frelsi og lýðræði. Í kaflanum sem ber heitið Sjálfstæðisbarátta eru t.d. tekin dæmi um baráttu nokkurra ríkja í heiminum fyrir sjálfstæði á tímum nýlendustefnunnar ásamt öðrum nærtækari dæmum s.s. sjálfstæðisbaráttu Baska á Spáni. Margt í þessari bók býður upp á umræður um lýðræði í ólíku samhengi.

** Læsi í sögu fjallar um það að verða læs á það hver við erum, hvaðan við komum og hvaða saga er saga okkar í þróingu og víðu samhengi. Saga þjóðar er saga stjórn mála, menningar, bókmennta og lista, heilbrigðis og velferðar, jafnréttis eða ójafnréttis, samskipta við aðrar þjóðir og einnig er mikilvægt að læra mannkynssöguna til að gera sér grein fyrir samhengi okkar þjóðar við alþjóðasamfélagið. Einnig skiptir máli að öðlast læsi á sögu til að nemendur verði upplýstir og viðræðuhæfir einstaklingar sem felst m.a. í því að verða læs á tilvísanir í almennum umræðum; Vita hvað er átt við þegar minnst er á Hitler, kommúnisma, rauðsokkur, Jón Sigurðsson o.s.frv.

Jafnrétti:

Það má hrósa höfundu þessarar bókar fyrir það að einblína ekki einungis á Jón Sigurðsson og þá karla sem tóku þátt í sjálfstæðisbaráttunni heldur er kastljósinu einnig beint að konu hans, Ingibjörgu Einarsdóttur, ásamt því sem staða kvenna á tímum Jóns er einnig til umræðu.

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn *Ísland – vanþróað land?* beinist að aðbúnaði og heilbrigði Íslendinga á þeim tíma sem Jón Sigurðsson var uppi og getur ýtt undir umræður um velferð og heilbrigði þá og nú.

Bók: Stríðsárin á Íslandi

Saga: Stríðsárin á Íslandi	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	12, Heimsstyrjöldin síðari, 28 Hernám, 40 Stjórn- og efnahagsmál, 66 Mannfall , 74 Leifur Muller
Jafnrétti	58 Ástandið
Heilbrigði og velferð	52 Atvinna , 74 Leifur Muller
Sköpun	

Lýðræði og mannréttindi:

Þar sem Stríðsárin á Íslandi fjalla um síðari heimsstyrjöldina og áhrif hennar á Ísland býður hún upp á marga möguleika til umræðna um lýðræði ekki síst þar sem Ísland var hluti af Danaveldi á þessum tíma en Danmörk hafði verið hernuminn af Þjóðverjum svo bandamenn réðu að vissu leyti á Íslandi á þessum tíma í stað Dana. Í kaflanum *Mannfall* er sagt frá því þegar ungur íslenskur drengur var skotin af bandarískum hermanni og er það m.a. dæmi um þau slæmu áhrif sem hernámið hafði á Íslandi því þó sjaldan sé gert mikið úr því að Ísland hafi verið undir hervaldi á þessum tíma þá er staðreynd að svo var.

Jafnrétti:

Lítið er minnst á konur í þessari bók þó erfitt sé að glöggva sig á því þar sem atriðisorðaskrá vantar í bókina en í kaflanum um „ástandið“ er fjallað um áhuga íslenskra kvenna á erlendum

hermönnum sem voru á Íslandi á tímum stríðsins. Hér veitast mörg tækifæri til að ræða um stöðu kvenna, hvernig var um þær talað? Hvaða máli skipti það fyrir íslendinga og þá sérstaklega íslenska karlmenn að konur heilluðust af erlendum mönnum? Er réttlætanlegt að það hafi komið óorði á konu ef hún ákvað að vera með hermanni?

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn um atvinnu á Íslandi á þessum tíma fjallar um þau góðu áhrif sem vera hersins hafði á atvinnumál og þ.a.l. velferð Íslendinga.

Bók: Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar

Stærðfræði: Átta til tíu (5)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	6 Heimastjórnartímabilið, 26 Stríðið og hernámsárin, 44 Frá viðreisnarstjórn til aldarloka
Jafnrétti	70 Jafnréttisbarátta kvenna
Heilbrigði og velferð	62 Bindindishreyfing og áfengisbann
Sköpun	

Lýðræði og mannréttindi:

Kaflinn *Frá viðreisnarstjórn til aldarloka* fjallar um stjórnsmál á Íslandi frá því við fengum sjálfstæði og út nítjándu öldina og er því mjög upplýsandi um lýðræðissamfélag.

Jafnrétti:

Lítið sem ekkert er minnst á konur í þessari Íslandssögubók og til marks um það þá eru nafngreindir karlar 71 en nafngreindar konur einungis 12, af þessum 12 konum eru þrjár erlendar (Elísabet II Bretadrottning, Margaret Thatcher, fyrrum forsætisráðherra Bretlands og breska fyrirsætan Twiggy). Af þeim níu íslensku konum sem nefndar eru á nafn koma sjö þeirra fyrir í þeim tæplega fjögurra blaðsíðna kafla sem hér er tilgreindur og fjallar um jafnréttisbaráttu á Íslandi: *Jafnréttisbarátta kvenna*. Þessi meinta fjarvera kvenna á 20. öldinni getur nýst sem ágætis efni í umræður um stöðu kvenna og áherslur í sagnfræðikennslu út frá jafnréttissjónarmiðum.

Heilbrigði og velferð:

Kaflinn *Bindindishreyfing og áfengisbann* fjallar um bannárin á Íslandi og er hægt að ræða um áfengisnotkun við nemendur út frá honum, hvaða áhrif bannið hafði og svo er hægt að virkja gagnrýna hugsun með almennum umræðum um tengsl áfengisneyslu, heilbrigðis og velferðar.

Bók: Sögueyjan, hefti 1. – 3.

Hér verður fjallað um öll hefti Sögueyjunnar í einu þar sem um er að ræða samfellda yfirferð Íslandssögunnar, tímabilið 870-2010.

Saga: Sögueyjan I-III	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	23 Lífshættir (I) , 85 Ísland sem verstöð (I), 71 Efnahagsfrelsi (II), 15 Ísland iðnvæðist (III)
Lýðræði og mannréttindi	27 Þjóðveldi (I), 51 Ættarveldið (I), 57 Sturlungaöld og fall þjóðveldisins (I) , 73 Norrænt konungsvald(I) , 19 Konungveldið styrkist (II), Sjálfstæðisbaráttan (II), 25 Nútímaríki í mótun (III), 43 Þjóðfélag í mótun (III) , 55 Kreppa og heimsstyrjöld (III), 78 NATO (III), 95 Þjóðfélagsólga
Jafnrétti	Sögueyjan 1. hefti, Sögueyjan 2. hefti , 35 Konur fagna kosningarétti (III), 36 Kvenréttindi (III), 64 Umbylting þjóðlífsins (III) , 95 Manneskja ekki markaðsvara (III), 102 Kvennabaráttan (III)
Heilbrigði og velferð	45 Fátækt (II) , 45 Fólksfjöldi (II)
Sköpun	

Sjálfbærni:

Í kaflanum *Lífshættir* (Sögueyjan I) er fjallað um lífshætti landnámsfólks en vegna erfiðra samgangna og fátíðra ferða milli landa var nauðsynlegt að lifa sjálfbæru lífi, eða lifa af landsins gæðum og dýranna sem þau fluttu með sér.

Lýðræði og mannréttindi

Í kaflanum *Þjóðfélag í mótun* (Sögueyjan III) er fjallað um ýmis baráttumál samfélagsins eftir að Ísland hafði hlotið sjálfstæði og var orðið virkt lýðræðissamfélag. Hér er því gott dæmi um hvernig lýðræði virkar, þar má fólk hafa skiptar skoðanir og berjast, án ofbeldis, fyrir réttindum sínum. Auk þess sem leyfilegt og nauðsynlegt er að gagnrýna viðtekið þjóðfélagsskipulag og stefnu ríkisstjórnar hvers tíma án þess að eiga á hættu að gjalda fyrir það.

Jafnrétti:

Hér eru fyrsta og annað hefti Sögueyjunnar tilgreind sem dæmi í heild sinni. Ástæða þess er að þessi hefti hafa fengið gagnrýni frá Jafnréttisstofu sem dæmi um bækur þar sem varla er minnst á konur.¹¹ Séu þessar bækur notaðar í sögukennslu er því mikilvægt að tala um þessa sérkennilegu fjarveru kvenna og virkja gagnrýna hugsun nemenda og fá þá til að ræða og velta vöngum yfir því hverju sætir. Voru engar konur á Íslandi fyrstu aldirnar? Í þriðja hefti Sögueyjunnar er reynt að bæta fyrir þetta þó ekki sé mikið nefnt af konum þar. Við gróflega talningu fundust þrjár nafngreindar konur í bókinni. Einnig verður að benda á að orðræða bókarinnar um konur er ákaflega sérstök og ástæða til að nefna dæmi um það. Í kaflanum um hernámið er rætt um „ástandskonur“ á mjög vafasaman hátt:

Það var helst að menn væru viðkvæmir fyrir nánnum samskiptum íslenskra kvenna og hermanna. Kvenfólk sem átti vingott við hermenn var gjarnan kallað ástandskonur í niðrunarskyni. Sterk þjóðerniskennd hafði þar mikil áhrif auk þess sem íslenskir karlmenn vildu hafa kvenfólkið út af fyrir sig. *Oftast var þó um eðlileg ástarsambönd að ræða eins og verða vill þegar ungt fólk kemur saman. Margar konur litu á samskiptin sem einkamál og oft var haft á orði að hermennirnir væru glæsilegri og kurteisari en íslenskir karlmenn.*

Hér eru tveir staðir skáletraðir vegna þess að hér er frásögnin einum of hlutdræg án þess að frekari útskýringar fylgi með. Hvað á sögumaður við með „Oftast var þó um eðlileg ástarsambönd að ræða“. Þetta fær lesandann til að velta fyrir sér hvaða óeðlilegu sambönd er átt við því hér er greinilega gefið í skyn að einnig hafi verið um óeðlileg ástarsambönd að ræða þar sem orðinu „oftast“ er skotið þarna inn. Hin skáletraða setningin; „Margar konur litu á samskiptin sem einkamál“ er einnig hlutdræg og án nánari útskýringa og hægt er að velta fyrir sér hvað sögumaður á við með henni. Er ekki eðlilegt að kona líti á ástarsamband sitt sem einkamál? Á sögumaður við að það sé óeðlilegt að konurnar hafi litið á þessi ástarsambönd sem einkamál? Á sögumaður við að konurnar hafi verið að brjóta á einhverjum, og þá hverjum? Þjóðinni? Karlmönnum?

Í allri fræðslu, miðlun og kennslu reynir mikið á gagnrýna hugsun kennarans en hér virðist sem enn meiri þörf sé fyrir slíka gagnrýna hugsun og ekki síður að gagnrýnin hugsun nemendanna sé einnig virkjuð því í textum sem þessum er auðveldlega hægt að koma inn hjá nemendum og viðhalda hugmyndum um það að konur séu lauslátari en karlar og að þær séu

¹¹ Hægt er að lesa skýrslu Jafnréttisstofu á þessari vefslóð:

<http://www.jafnretti.is/D10/Files/Ranns%C3%B3kn%20%C3%A1%20hlutdeild%20kynjanna%20%C3%AD%20s%C3%B6gu%20%C3%A1%20mi%C3%B0stigi.pdf>

ekki sjálfráðar um örlög sín. Í sögubókinni Stríðsárin á Íslandi er farið mun betur í „ástandið“ en í Sögueyjunni, þar kemur skýrar fram að það var almenningsálitið sem kynti undir viðbrögð fólks og löggjafarvaldsins við „ástandinu“ (bls. 57-63). Þar fylgja einnig spurningar sem eiga að fá nemendur til að velta þessum málum fyrir sér út frá ýmsum sjónarhornum en slíkar umræðuspurningar skortir alveg í Sögueyjunni.

Í lokin er ekki hægt annað en segja að fjarvera réttindabaráttu samkynhneigðra stingi í augu. Hvar er Gleðigangan, staðfest samvist og hjónavígsla samkynhneigðra? Auk þess sem ekkert er minnst á aðra minnihlutahópa. Þetta síðastnefnda á hins vegar við um allar sögubækurnar sem hér voru lesnar.

Heilbrigði og velferð:

Í kaflanum um fátækt (Sögueyjan II) er sagt frá ástandi fátæks fólks á Íslandi á öldum áður og hægt er að bera saman ástandið þá og nú.

Bók: Styrjaldir og kreppa: Saga 20. aldar I

Saga: Styrjaldir og kreppa	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	5 Fólki skiptist í stéttir, 41 Stéttabaráttta, 82 Allt vald til foringjans, 106 Stríðið kom við alla, 118 Helförin
Jafnrétti	32 Konur í vinnu utan heimilis, 35 verkefni , 131 Sambúðin við herinn
Heilbrigði og velferð	68 Barátta gegn áfengi og glæpum, 69 Áfengisbann á Íslandi
Sköpun	Verkefni í bókinni

Lýðræði og mannréttindi:

Í kaflanum *Helförin* er sagt frá ofsóknum og útrýmingu nasista á gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni sem er dæmi um það þegar mannréttindi eru ekki virt með því að ákveða að einn þjóðflokkur og manngerð sé ofar öðrum.

Jafnrétti:

Þessi bók fær ekki góða einkunn varðandi jafnréttishlutann því lítið sem ekkert er talað um konur og eina konan sem nefnd er á nafn í bókinni er Anna Frank. Hins vegar eru tveir stuttir

kaflar sem fjalla um konur og í öðrum þeirra, *Konur utan heimilis* eru einnig tvær spurningar í lok kaflans sem fá nemendur til að velta því fyrir sér sem þar kemur fram.

Heilsa og velferð:

Út frá kaflanum um áfengisbannið á Íslandi er hægt að ræða við nemendur um áfengisneyslu.

Sköpun:

Verkefnin í þessari bók og bókinni *Frelsi og velferð* eru einkar fjölbreytt og til þess gerð að virkja bæði huga og hönd nemenda. Verkefnunum er skipt upp í undirflokkar og er hér sérstaklega hægt að nefna flokkinn viðfangsefni þar sem nemendur eru virkjaðir í ólík verkefni í tengslum við umfjöllunarefnið, s.s. að útbúa glærukynningu, veggspjöld, skrifa blaðagreinar, búa til leikþátt eða teikna myndir.

Bók: Frelsi og velferð, Saga 20. aldar

Saga: Frelsi og velferð	Bls. og kaflaheiti:
Læsi**	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	4 Friður á jörð , 47 Smáþjóð í hörðum heimi, 93, Sjálfstæðisbarátta í nýlendunum, 120 Gamli vinur verða fjendur, 132 Flóttamenn á Íslandi
Jafnrétti	52 Jafnrétti
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	Sjá umfjöllun við bókina Styrjaldir og kreppa, saga 20. aldar I

Lýðræði og mannréttindi:

Í kaflanum Friður á jörð er farið í upphaf og stofnun Sameinuðu þjóðanna sem eru enn í dag eitt af sterkustu samtökum um mannréttindi og frið í heiminum og mikilvægt fyrir nemendur að þekkja til Sameinuðu þjóðanna í tengslum við mannréttindi og lýðræði.

Jafnrétti:

Lítið er fjallað um jafnrétti í þessari bók líkt og fyrri bókinni. Hér er þó stuttur kafli um jafnréttismál á Íslandi en ekkert er rætt um jafnrétti í heiminum í þessum bókum sem er mjög einkennilegt þar sem hér er um að ræða mannkynssögubækur um tuttugustu öldina, þá öld sem jafnrétti var líklega mest í brennidepli í veraldarsögunni.

3.2 Landafræði

Bækur: Landafræði handa unglingum, 1. og 2. hefti

Bækurnar Landafræði handa unglingum eru komnar þó nokkuð til ára sinna og því er eitthvað um að upplýsingar í bókinni séu orðnar úreltar. Hins vegar er bókin vel og skemmtilega upp byggð og einstaklega vel til þess fallin að tengja við sjálfbærnikennslu.

Bók Landafræði handa unglingum: 1. hefti

Landafræði: Landafræði handa unglingum (1)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	4 Landafræði – Heildarsýn, 8 Landakort, 16 Saga jarðar, 36 Náttúra og loftslag jarðar, 64 Bláa reikistjarnan, 80 Orka
Sjálfbærni***	
Lýðræði og mannréttindi	
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	

Læsi:

Inngangskaflarnir í fyrra hefti Landafræði handa unglingum, sem eru upp taldir hér fyrir ofan, eru upplýsingakaflar um ýmislegt er tengist landa- og jarðfæði. Þar er nemendum kennt að lesa kort, sagt er frá sögu jarðarinnar auk þess sem farið er í marga aðra hluti er tengjast jörðinni og náttúrunni sem hjálpar nemendum að verða læsir á umhverfi sitt og veröldina sem þau eru hluti af.

*** Námsbækurnar í Landafræði, Landafræði handa unglingum 1. og annar hluti henta báðar einkar vel í tengslum við fræðslu um sjálfbærni. Í bókunum er bæði farið í félagsfræðilega þætti í tengslum við ólíkar aðstæður í löndunum sem um ræðir, fólksfjölda, fæðuöflun og fjárhagslega stöðu. Auk þess er mikil fræðsla um náttúruna, náttúruöflin, samspil náttúru og manna og nýtingu náttúrunnar.

Bók: Landafræði handa unglingum: 2. hefti

Landafræði: Landafræði handa unglingum (2)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	5 Fólksfjöldi
Sjálfbærni***	
Lýðræði og mannréttindi	48 Frá alþýðukommúnunum til ábyrgðarkerfis, 89 Margar ólíkar þjóðir, 90 Kíkújúmenn og massajar
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	Sjá umfjöllun
Sköpun	

Læsi:

Í kaflanum *Fólksfjöldi* er fjallað um íbúatölu jarðarinnar og þá þætti sem spila inn í varðandi fólksfjölgun eða -fækkun íbúatölu. Einnig er farið yfir í þætti er tengjast fólksfjölda og ýmis hugtök sem tengjast þessum fræðum kynnt fyrir nemendum. Þessi kafli er mjög upplýsandi og gera nemendur læsa bæði á það hvernig slíkir fólksfjöldaútreikningar eru gerðir auk þess sem þau fá innsýn í þá þætti sem hafa áhrif á fólksfjölda.

Lýðræði og mannréttindi:

Í báðum þessum landafræðibókum er lítið fjallað um stjórnarfar í þeim löndum sem um er rætt en inn á milli er hægt að detta niður á stutta kafla sem tengjast stjórnarfari einhvers lands eða þjóðarbrotis sem getur komið af stað umræðum um lýðræði.

3.3 Trúarbragðafræði

Hægt er að líta svo á að trúarbragðafræðikennsla sé hluti af lýðræðismenntun sé hún kennd á hlutlausan hátt. Mörgum finnst erfitt að kenna trúarbragðafræði og að mörgu leyti er það skiljanlegt því ef kennari hefur sjálfur einhverja ákveðna lífsskoðun, hvort sem um trú, vantrú eða trúleysi er að ræða þá er það yfirleitt í eðli fólks að vilja verja sína lífsskoðun. Hins vegar er mikilvægt að þau sem fræða um trúarbrögð geri það á eins hlutlausan hátt og þeim er unnt í ljósi grunnþáttanna lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis. Umburðarlyndi er forsenda þess að fólk af ólíkum uppruna, úr ólíkum aðstæðum og með ólíkar lífsskoðanir geti búið saman í lýðræðislegu samfélagi þar sem mannréttindi og jafn réttur og tækifæri allra er virtur.

Bók: Maðurinn og trúin

Stærðfræði: Átta til tíu (5)	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	23 Saga gyðinga , 33 Siðaboðskapur kirkjunnar, 47 Ölmusan, 62 Framandi heimur, 73 Gandhi
Jafnrétti	21 Fjölskyldulíf og siðir, 38 Gifting, 54 Fjölskyldulíf og siðir, 70 Fjölskyldulíf og siðir, 87 Heimili og fjölskylda
Heilbrigði og velferð	
Sköpun	

Lýðræði og mannréttindi:

Saga gyðinga er mikilvægur kafli í sögu mannréttinda og vel til þess fallinn að vekja upp umræður um mannréttindi og mikilvægi þeirra og fer kaflinn *Saga gyðinga* ágætlega yfir þessa erfiðu sögu.

Jafnrétti:

Hér eru tilgreindir allir undirkaflar sem fjalla um fjölskylduna á einhvern hátt og eru flestir þessir kaflar ágætir til að skapa umræðu um stöðu kynjanna, hvort sem er fullorðinna eða barna. Hins vegar er hér ekkert rætt um samkynhneigð sem skýrist þó líklega af því að þessi bók er komin nokkuð til ára sinna.

3.4 Samfélagsfræði

Bók: Verum virk: Félagsstörf, fundir og framkoma

Á vef Námsgagnastofnunar kemur fram að *Verum virk* er kennslubók í þjóðfélagsfræði, lífsleikni og samfélagsfræði. Bókin inniheldur allt frá upplýsingum um félagastarfsemi og nefndarstörf til þess að farið er í það hvernig hægt er að byggja upp sterka sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda.

Samfélagsfræði: Verum virk	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	Sjá umfjöllun
Sjálfbærni	
Lýðræði og mannréttindi	Sjá umfjöllun
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	25 Sjálfsmynd og sjálfsvirðing
Sköpun	

Læsi:

Verum virk er dæmi um kennslubók sem hægt er að nota til að miðla læsi á félagsstarf og samskipti í nærsamfélagi nemenda. Bæði er hér fjallað um sjálfsmynd, vinasambönd, samskipti almennt og félagastarf í víðara samhengi.

Lýðræði og mannréttindi:

Verum virk er einnig kennslubók sem hægt er að nota til að miðla grunnþáttunum lýðræði og mannréttindum. Í bókinni er kaflinn *Lýðræði, mannréttindi og félagsmál* (bls. 7) tileinkaður lýðræði og mannréttindum en þessir þættir eru einnig gegnumgangandi þema í bókinni. Fjallað er um lýðræðisleg vinnubrögð á ýmsan hátt í bókinni s.s. er þar tilsögn í rökræðum og virkri hlustun auk þess sem mannréttindi eru undirliggjandi þáttur í allri umfjöllun bókarinnar þar sem ítrekað er að fjölbreytileiki sé virtur o.s.frv.

Heilbrigði og velferð

Kaflinn *Sjálfsmynd og sjálfsvirðing* fjallar um eitt af mikilvægustu undirstöðum heilbrigðis og velferðar hvers einstaklings því hversu líkamlega hraust sem við erum þá er sterk og heilbrigð sjálfsmynd undirstaða vellíðunar og hamingju. Þessi kafli er mjög góður að því leyti að hér er

bæði fjallað um hvað sjálfsmynd er, hvernig við sköpum þessa sjálfsmynd, hvernig sjálfsmyndin getur skekkst og hvernig hægt er að byggja upp sterka sjálfsmynd og sjálfstraust.

3.5 Þjóðfélagsfræði

Bók: Þjóðfélagsfræði

Námsbókin Þjóðfélagsfræði er annars vegar kennslubók um það að vera hluti af hóp, fjölskyldu og samfélagi og hins vegar kennslubók um íslenskt samfélag og Ísland í samfélagi þjóða.

Þjóðfélagsfræði: Þjóðfélagsfræði	Bls. og kaflaheiti:
Læsi	Sjá umfjöllun
Sjálfbærni	43 Fólksfjölgun eða fækkun?, 70 Að stýra eigin neyslu (hvað eru grunnþarfir? – bls. 71), 142 Hvað er að vera Íslendingur?
Lýðræði og mannréttindi	Sjá umfjöllun
Jafnrétti	33 Kynhlutverk, 39 Fjölskyldan, Kynþáttur 49 ?? Fullyrðing um að hjónabönd fólks af ólíkum kynþáttum séu sjaldgæf??, 58 Að vera unglingur, 75 Menntun, 97 Félagsmótun
Heilbrigði og velferð	11 Sjálfsmyndin
Sköpun	

Læsi:

Þjóðfélagsfræði er ákveðinn hátt kennslubók fyrir nemendur í því að verða læs á umhverfi sitt og það þjóðfélag sem þeir búa í, í víðu og þröngu samhengi. Hér verða því ekki tekin einstök dæmi um læsi heldur er bent á þessa bók sem dæmi um kennslubók í læsi á það að vera hluti af samfélagi og læsi á umhverfið sem við búum í.

Sjálfbærni:

Ekki er mikið rætt um sjálfbærni í *Þjóðfélagsfræði* sem gæti skýrst af því að bókin er 11 ára gömul og ekki hafi verið farið að ræða eins markvisst um sjálfbærni og tengsl hennar við þá ábyrgð að vera þjóðfélagsþegn. Hins vegar er hér bent á nokkra staði sem hægt er að nota til að ræða um og miðla upplýsingum um sjálfbærni og helst er að nefna kaflann *Hvað er að vera Íslendingur* þar sem m.a. er farið yfir sögu efnahagshrunsins á Íslandi 2008 og einnig er þar talað um stóriðjuframkvæmdir.

Lýðræði og mannréttindi:

Þjóðfélagsfræði er á svipaðan hátt og læsi einnig kennslubók um lýðræði, um það hvernig lýðræði við búum við. Lýðræðissamfélag felur í sér að þar eru mannréttindi virt og eru því bæði lýðræði og mannréttindi gegnumgangandi þráður í bókinni.

Jafnrétti:

Ekki er mikið rætt um jafnrétti í þessari bók sem er miður en hægt er að vekja umræður á stöðu kynjanna út frá köflunum *Kynhlutverk* og *Félagsmótun* þó einungis sé farið í það á yfirborðinu í köflunum sjálfum. Þessi bók er sú eina sem eitthvað aðeins fjallar um samkynhneigð en hægt er að lesa um staðfesta samvist og samkynhneigð sem hluta af nýrri fjölskyldugerð í kaflanum um fjölskylduna.

Hins vegar er bagalegt að umfjöllun um faltaða og réttindi þeirra vantar alveg í þessa bók og einnig er ástæða til að staðnæmast við kaflann *Líkur sækir líkan heim* (bls. 48) þar sem fjallað er um ást og hjónabönd. Þar er fjallað um að fólk laðist yfirleitt að manneskju sem líkist þeim sjálfum og kemur úr svipuðu umhverfi og sem eftirfarandi upplýsingar eru settar fram:

Hjónabönd fólks af ólíkum kynþáttum eru sjaldgæf. Í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna voru lög í gildi alveg fram undir 1970 sem bönnuðu hjónabönd á milli kynþátta og enn er andstaða gegn slíkum hjónaböndum. Hjónabönd eru alveg sérstaklega sjaldgæf milli blökkumanna og hvíttra og í flestum þeirra er eiginmaðurinn svartur og eiginkonan hvít.

Þessar upplýsingar eru mjög vafasamar og tilvísun í Bandarískt samfélag gefur á engan hátt rétta mynd af þessu og því miður geta upplýsingar sem þessar orðið til þess að ýta undir fordóma ungmenna sé ekki vel farið með. Vafasamt er hvort þessi kafli eigi yfir höfuð eitthvert erindi í þessa bók og hefði verið mun eðlilegra að vísa í annað hvort norræn samfélög eða evrópsk og þó svo ekki séu hjóna- eða ástarsambönd milli kynþátta algengasta sambandið er fullyrðingin um að yfirleitt sé konan hvít og karlinn svartur í hjónaböndum milli blökkumanna og hvíttra frekar vafasöm. Þessi atriði rýra því miður gildi annars ágætrar bókar.

Heilbrigði og velferð:

Í kaflanum um sjálfsmyndina er fjallað um það hvað mótar sjálfsmyndina og vekur upp margar spurningar sem nemandinn getur tekist á við að svara og er ágæt leið til að ræða um tengsl sjálfsmyndar og heilbrigðis og velferðar.

Niðurstöður

Með nýrri aðalnámskrá hefur mennta- og menningamálaráðuneytið tekið stórt stökk varðandi það markmið að innleiða markvisst menntun í sex grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun. Eftir þessa yfirferð á kjarnaefni námsefnis fyrir unglingastig í stærðfræði, íslensku og samfélagsgreinum út frá grunnþáttum menntunar hefur komið í ljós að margar námsbækurnar henta einkar vel til miðlunar á grunnþáttunum en ýmislegt má betur gera varðandi aðrar.

Stærðfræðibækurnar sem hér var gerð úttekt á voru einkar vel til þess fallnar að miðla öllum sex grunnþáttum menntunar og er hægt að hrósa höfundum bókanna fyrir vel unnin námsgögn í stærðfræði. Í þessum bókum hefur tekist vel til við að tengja stærðfræði og daglegt líf og gera með því tilgang stærðfræðimenntunar skýran og aðgengilegan fyrir nemendur. Íslenskubækurnar virðast einnig henta ágætlega til miðlunar grunnþáttanna, læsi stendur þar upp úr sem sá þáttur sem auðveldast er að greina auk sköpunar en margt annað er hægt að finna og miðla af því fjölbreytilega efni sem málfræði- og sérstaklega bókmenntahluti bókanna býður upp á. Þó mætti auka á fjölbreytni verkefna sem gætu verið meira skapandi auk þess sem hægt væri að bæta við spurningum sem ýta undir sjálfstæða og gagnrýna hugsun nemenda. Samfélagsgreinarnar eru margar og ólíkar og þær bækur sem standa upp úr þar varðandi menntun í grunnþáttunum eru landafræðibækurnar og bókin *Verum virk* í samfélagsfræði. Landafræðibækurnar, *Landafræði handa unglingum*, eru vel unnar og mjög hjálplegar varðandi menntun til sjálfbærni. *Verum virk* er bók sem bæði fær góða einkunn varðandi lýðræðismenntun og heilbrigði og velferð.

Hins vegar er tvennt sem þarf a minnst á varðandi hvað þarf að bæta í tengslum við samfélagsgreinarnar. Í fyrsta lagi verður að nefna að sögubækurnar fá allar, fyrir utan bókina *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*, falleinkunn varðandi jafnréttismenntun. Bagalegt var að sjá hversu fjarvera kvenna stingur í augu og sorglegt að enn virðast konur í sögubókum gegna hlutverki uppfyllingarefnis. Einnig verður að minnst á að ekki er minnst á jafnréttisbaráttu samkynhneigðra, ekki einu sinni í nýjustu bókinni sem fjallar um nútímann á Íslandi og var gefin út á síðasta ári (*Sögueyjan II*). Greinilegt er að ef markmið aðalnámskrár um að flétta inn menntun í grunnþáttunum sex eiga að ná fram að ganga verða áherslur í sagnfræðiritun fyrir unglinga að breytast gagngert. Líklega er hér þörf á hugarfarsbreytingu varðandi val á því hvaða atburði og einstaklinga sagnfræðingar telja markverða þegar kemur að söguritun. Eins og hér segir var eingungis ein bók sem stóðst sæmilega prófið um jafnréttismenntun en þó þarf að benda á að tvær af hinum sjö bókunum sem lesnar voru eru

þýddar úr norsku. Sú staðreynd gefur til kynna að þessar áherslur í sagnfræðiritun eru ekki sér-íslenskar. Þrátt fyrir það er ekki hægt að nota þau rök lengur, að svona séu einfaldlega áherslurnar í sagnfræðiritun fyrir grunnskóla almennt. Ef grunnþættir menntunar eiga að vera leiðarljós í öllu skólastarfi er nauðsynlegt að þær aðferðir sem hingað til hafa verið leiðarljós í ritun sögubóka verði endurskoðaðar. Sagnfræðingar verða að horfast í augu við það að konur eru helmingur mannkyns, helmingur landsmanna og helmingur nemenda og rétt þeirra þarf að virða inni í sögubókunum sem og annars staðar í samfélaginu.¹² Í öðru lagi verður að minnast á það að lítið sem ekkert fannst af textum í þeim bókum sem lesnar voru í samfélagsgreinum varðandi minnihlutahópa s.s. fatlaða, nýbúa, samkynhneigða (eins og komið hefur fram), börn með námserfiðleika eða öryrkja. Þessir þættir falla undir lýðræði, mannréttindi og jafnrétti og er því mikilvægt að taka þá inn í við ritun námsbóka í framtíðinni.

Þó margar þeirra bóka sem hér voru lesnar hafi komið vel út varðandi menntun í grunnþáttunum er augljóst að vel þarf að huga að öðru. Ástæðulaust er þó að taka þeim breytingum sem nú er verið að innleiða í menntun ungmenna á annan hátt en fagnandi því alltaf er hægt að gera betur. Með breyttum áherslum þurfa óneitanlega að fylgja breytt vinnubrögð og gott er að geta lært af því sem gert hefur verið en mikilvægast er þó að líta á þessar breytingar sem tækifæri og horfa bjartsýnum augum til framtíðar.

¹² Í þessu samhengi má benda á tillögu að vinnuramma varðandi það hvernig er hægt að jafna rétt kynjanna í sögubókum sem birtist í skýrslu Jafnréttisstofu frá 2011. Bls. 29-31.

Heimildir

Andersson, Göran, Joelsson, Arvid og Gleerups Förlag. 2005. *Landafræði handa unglíngum*. 2. hefti. Íslensk þýð. Þorsteinn Þorsteinsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Andersson, Göran, Joelsson, Arvid og Gleerups Förlag. 2007. *Landafræði handa unglíngum*. 1. hefti. Íslensk þýð. Þorsteinn Þorsteinsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Árni Daníel Júlíusson. 2001. *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Garðar Gíslason. 2009. *Þjóðfélagsfræði*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2005. *Átta-tíu 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2006. *Átta-tíu 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2007. *Átta-tíu 5*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2008. *Átta-tíu 3*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2008. *Átta-tíu 4*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2008. *Átta-tíu 6*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðmundur J. Guðmundsson. 2008. *Úr sveit í borg*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar J. Gunnarsson. 2009. *Maðurinn og trúin*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Hellerud, Synnøve Veinan, Knutsen, Ketil og Moen, Sigrid. 2011. *Styrjaldir og kreppa. Saga 20. aldar I*. Íslensk þýð. Gunnar Karlsson. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Hellerud, Synnøve Veinan og Knutsen, Ketil. 2011. *Frelsi og velferð. Saga 20. aldar II*. Íslensk þýð. Gunnar Karlsson. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir. 2012. *Verum virk*. Kópavogi: Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson, Silja Aðalsteinsdóttir og höfundar efnis. 1998. *Mályrkja III*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir. 2000. *Stríðsárin á Íslandi 1939-1945*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir ritstj. 1999. *Ljóðspeglar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Kristín Linda Jónsdóttir. 2011. *Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla*. Akureyri: Jafnréttisstofa.

Kristján J. Gunnarsson valdi ljóðin. 2010. *Skólaljóð*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Leifur Reynisson. 2009. *Sögueyjan 1*. hefti 870-1520. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Leifur Reynisson. 2010. *Sögueyjan 2*. hefti 1520-1900. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Leifur Reynisson. 2011. *Sögueyjan 3*. hefti 1900-2010. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Skovsmose, Ole. „Linking Mathematics Education and Democracy: Citizenship, Mathematical Archaeology, Mathemacy and Deliberative Interaction.“

<http://www.google.com/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=1&ved=0CGIQFjAA&url=http%3A%2F%2Fcimm.ucr.ac.cr%2Fojs%2Findex.php%2Ffeudoxus%2Farticle%2Fdownload%2F458%2F455&ei=14MaUJuFHaeo0QWivYC4Dw&usg=AFQjCN>

[HUstXt0hU2NjKOvJvPvp7RhTRWzg&sig2=aVitiMuM4qrEVxDq5rWxaw](https://doi.org/10.2478/9783708912345) (Tekið af netinu 5. júlí 2012.)

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2012. *Finnur I. Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2012. *Finnur II. Verkefni í málfræði og stafsetningu*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2010. *Finnur III. Verkefnabók. Mályrkja III*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Torkildsen, Breiteig, Pedersen og Skoogh. 2007. *Stærðfræði 8+*. Íslensk þýð. Þóra Rósa Geirsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Torkildsen, Breiteig, Pedersen og Skoogh. 2007. *Stærðfræði 9+*. Íslensk þýð. Þóra Rósa Geirsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Torkildsen, Breiteig, Pedersen og Skoogh. 2008. *Stærðfræði 10+*. Íslensk þýð. Þóra Rósa Geirsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal. 1994. *Mályrkja I. Vinnubók 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal. 1994. *Mályrkja I. Vinnubók 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal. 1994. *Mályrkja II. Vinnubók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal og höfundar efnis. 1997. *Mályrkja I*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal og höfundar efnis. 1996. *Mályrkja II*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.